

7. gr.

Tilskipun þessi skal einnig ná til ríkisborgara aðildarríkja sem í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 stunda eða munu stunda þá starfsemi sem um getur í 1. gr.

berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

10. gr.

8. gr.

Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júlí 1982.

Fyrir hönd ráðsins,

K. OLESEN

forseti.

9. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni

3. júní 1997

Nr. 368

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 160/1986 um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnar- og talskerta, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands greiðir nauðsynleg hjálpartæki fyrir heyrnar- og talskerta sem hér segir:

- | | |
|--|------|
| 1. Fyrir börn og unglínga til loka skólaskyldu | 100% |
| 2. Fyrir 18 ára og eldri | 60% |
| 3. Fyrir þá sem þurfa að nota 2 tæki samtímis og eru 18 ára og eldri | 70% |
| 4. Fyrir þá sem þurfa að nota beinheymartæki | 80%. |

Stjórn Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands er heimilt, að fenginni rökstuddri umsókn, að auka greiðsluþátttöku skv. 2. og 3. tl. í 80%, sé um að ræða verulega skerta heyrn að mati yfirlæknis stöðvarinnar.

5. Heimilt er að leigja út sérhæfð hjálpartæki, s.s. barnavakt og talmögnunartæki sem notuð eru yfir skamman tíma. Leiguverð skal standa undir kostnaði af innkaupsverði.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi þegar við birtingu, eru settar með stoð í 5. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, að fengnum tillögum stjórnar stöðvarinnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. júní 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Halldór Eiríksson.